

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum,
Aðalstræti 92,
450 Patreksfjörður.

Ísafjörður, 15. júní 2020
2018010057

Umsögn um veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastaðinn Bryggjukaffi, Flateyri.

Erindi barst frá Sýslumannsembætti Vestfjarða þann 25. maí, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Þorbjargar A. Sigþórsdóttur, kt. 050259-4479, um leyfi til að reka veitingastaðinn í flokki II (umfangslítill áfengisveitingastaður) að Hafnarstræti 4, Flateyri.

Flokkur II: Umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværrri tónlist, og staðir sem kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.

Tegund E: Kaffihús. Veitingastaður með einfaldar veitingar í mat og/eða drykk þar sem aðaláhersla er lögð á kaffiveitingar. Hér falla undir t.d. bakarí sem hafa aðstöðu til neyslu veitinga á staðnum.

Hafnarstræti 4, Flateyri, er skráð á byggingastigi 7 sem er fullgerð bygging. Húsið er skráð sem skrifstofur og íbúð. Breytt notkun kallar á nýtt byggingaleyfi.

Húsið er á svæði sem skilgreint er í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem iðnaðar- og athafnasvæði. Þá segir í skipulaginu um svæðið: „Gert ráð fyrir fjölbreyttri starfsemi. Huga skal sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð.“

Heilbrigðiseftirlit gerir ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis með vísan í umsögn HEV dags. 5. Júní, 2020.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar fellst á að ofangreint leyfi verði veitt miðað við 32 manns, sbr. Umsögn dags. 25. júní, 2020.

Virðingarfyllt

Heiða Jack
skipulagsfulltrúi

